

Nd. **313. Frumvarp til laga** [151. mál]
um innflutningsgjald af gas- og brennsluolium.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af gasolíu, tnr. 27.10.40 og brennsluolíu, tnr. 27.10.50. Skal gjald þetta nema kr. 1,33 af hverju kg.

2. gr.

Gjald þetta skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Skulu ákvæði laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl. svo og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit gilda um gjald samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu gjalds þessa, er miðist við sölu birgða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald samkvæmt 1. gr. skal einnig innheimt af þar greindum olíum sem í birgðum eru í landinu við gildistöku laga þessara hjá innflytjendum og öðrum söluaðilum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að komið verði á sérstöku innflutningsgjaldi, er innheimt sé af gasolíu og svartolíu. Gjald þetta skal nema kr. 1,33 pr. kg og skal innheimt með aðflutningsgjöldum og lúta sömu reglum og þau. Með gjaldtöku þessari er gert mögulegt að aflætta söluskatti af gasolíu til íslenskra fiskiskipa án tekjutaps fyrir ríkissjóð. Hið sérstaka innflutningsgjald, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, á að skila ríkissjóði sömu tekjum og falla niður við afnám söluskatts til fiskiskipa, þ. e. 580 milljónir króna á ársgrundvelli. Skv. gildandi lögum og verðlagsákvörðunum skal greiða söluskatt af gasolíu til fiskiskipa. Verð á gasolíu til fiskiskipa hefur fram að þessu verið greitt niður af olíusjóði og hefur verðið til íslenskra fiskiskipa numið kr. 5,80 á hvern lítra. Fullt verð ásamt söluskatti nemur nú kr. 29,00 á hvern lítra. Með afnámi söluskattsins og upptöku innflutningsgjaldsins mun verðið hins vegar lækka í kr. 25,30 pr. lítra til fiskiskipa. Verð á gasolíu til húshitunar mun verða það sama og hækkar því um kr. 1,10 pr. lítra. Ef haldið hefði verið óbreyttri þeirri skipan, sem gildi til 1. jan. s. l., væri verð á gasolíu til húsahtunar nú kr. 25,75 pr. lítra en verður skv. frumvarpi þessu, ef að lögum verður kr. 25,30 pr. lítra. Verð á svartolíu mun einnig hækka sem innflutningsgjaldinu nemur, en svartolia hefur verið söluskattsfrjáls til þessa. Telja verður eðlilegt, að sömu reglur gildi um skattlagningu á svartolíu til fiskiskipa og gasolíu til fiskiskipa. Með frumvarpinu er í reynd lagt til, að söluskatti þeim, er íslensk fiskiskip eiga skv. gildandi lögum að greiða af gasolíuotkun sinni, verði jafnað niður á alla notendur gasolíu og svartolíu. Hér er ekki um eiginlegt nýmæli að ræða. Frá 30. júlí 1971 til ársloka 1975 var framkvæmd jöfnun á verði gasolíu milli notenda ekki ósvipað því sem lagt er til í frumvarpinu. Verðlagsnefnd ákvað þann 30. júlí 1971 að innflutningsjöfnunarreikningur skyldi bera upphæð samsvarandi söluskatti á gasolíu til fiskiskipa. Af þessu leiddi, að í raun var lagt gjald á alla gasolíu, einnig hina söluskattsfrjálsu gasolíu til húsahtunar, og nam það kr. 1,58 á hvern lítra við síðustu áramót.

Frá áramótum hefur hins vegar ríkt millibilsástand í verðlagningarmálum á gasolíu. Verðlagsnefnd felldi fyrri ákvörðun úr gildi hinn 15. desember 1975, en ákvað um leið, að oliuverði skyldi haldið óbreyttu vegna óhagstæðrar stöðu verðjöfnunarreiknings gasolíu. Með frumvarpi þessu er lagt til, að lögfest sé í breyttu formi sú meginregla, sem gildi um söluskattsmeðferð á gasolíu til fiskiskipa frá 30. júlí 1971 til ársloka 1975, þó þannig að skipan sú, sem lagt er til að upp verði tekin með frumvarpi þessu, leiði til heldur lægra verðs á gasolíu til fiskiskipa og húsahtunar en orðið hefði ef áfram hefði verið haldið á fyrri braut. Þannig mun verð til fiskiskipa nema óniðurgreitt kr. 25,30 pr. lítra skv. frumvarpi þessu, en hefði numið kr. 25,75 pr. lítra ef ákvörðun verðlagsnefndar frá 30. júlí 1971 stæði enn.